

Orkufjarskipti hf.
Benedikt Haraldsson
Krókhálsi 5c
110 Reykjavík

Reykjavík 13. nóvember 2019
UST201911-048/B.S.
10.05.04

Efni: Ljósleiðari – Hornafjörður. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkufjarskipta hf. dags. 6. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd, en ráðgert er að plægja niður ídráttarrör 20mm sem ljósleiðari verður blásinn í frá tengistað við vegamót vegar nr. 984 og Hringvegjar að vegamótum vegar nr. 986 og Hringvegjar alls um 10 km leið.


Á um 7 km kafla mun lögnin fylgja Hringvegi 1 en vikið frá veginum í landi Viðborðssel og farið um mýrarsund, móa og mýrlendi og að hluta um framræst og ræktað land að ofangreindum vegamótum.

Þar sem farið er um mela eða grýtt land getur þurft að grafa fyrir lögninni. Í votlendi og deiglendi er unnt að plægja niður strenginn án frekara jarðrasks og þar sem svo háttar til hverfa ummerki um framkvæmdina á tiltölulega stuttum tíma.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að til verksins verði notuð tæki á breiðum beltum til að rask á yfirborði í votlendi verði sem minnst.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur